

# BARÁTTA

## VIÐ FLÖTINN OG FORMIÐ

**GUÐBJÖRG Lind sýnir ríflega tuttugu olíumálverk í Listasalnum Nýhöfn næstu þrjár vikurnar. Guðbjörg þarf ekki langt að fara með myndirnar af vinnustofunni því hún hefur komið sér fyrir á annarri hæð hússins við Hafnarstræti þar sem gluggar Nýhafnar vita út á strætið og umferðarniðurinn og hljóðlát málverk kallast á gegnum glerið. Það er góður andi hérna í húsinu og þegar umferðarniðurinn venst er gott að vinna hérna," segir Guðbjörg Lind eftir að við höfum komið okkur fyrir innan um myndirnar hennar sem bíða þess að fara upp á vegg sýningarsalarins.**

**Þ**etta eru allt fossar og vatnsföll," segir Guðbjörg um myndirnar sínar. Það er einkennileg tilfinning að sitja innan um fjölda mál-

verka sem öll hafa sama viðfangsefnið – og þó ekki hver mynd er sjálfstæð en sameiginlega eru þær vitnisburður um leit innvið, sífellt lengra í sömu átt, myndirnar standa saman. „Ég er ekki að leita að einhverri lausn með þessu. Það er ekki þannig að á endanum máli ég hina einu sönnu mynd af fossi. Ég byrja oft á fjórum eða fimm myndum í einu og vinn í þeim samtímis í nokkra mánuði. Ég geri þetta til þess að ég hafi alltaf eitthvað að gera því það er hægt að verða alveg stöpp með eina mynd og þá má salta hana og snúa sér að hinum. Þannig er hver einstök mynd afrakstur af hinum á marga vegu.

Ég hef verið heilluð af fossum frá því sumarið 1988 þegar ég ferðaðist mikið um landið; það er kraftur í fossum sem gerir þá seiðmagnaða og heillandi í senn," segir Guðbjörg Lind. „Ég mála yfirleitt ekki neina ákveðna fossa og skissa ekki þegar ég er á ferðalagi. Það kemur reyndar fyrir að ég hafi rauverulegan foss í huga þegar ég mála en niðurstaðan er gjarnan mjög ólík fyrirmyndinni. Þetta eru heldur ekki allt fossar," og Guðbjörg bendir á eina myndina, „Kannski er þetta ekki mynd af fossi heldur lækur sem fellur í vatn og sjónarhornið er þannig að myndin sýnir nánast hvítan kross á bláum fleti. Sumir sjá kannski allt aðra hluti úr þessum myndum



Morgunblaðið/Einar Falur

## Guðbjörg Lind sýnir í Listasalnum Nýhöfn

en fossa (hún bendir á aðra mynd), mér finnst þessi sýna foss sem fellur niður dökkt berg ofan í fljót og fossinn speglast í vatninu.“

Kannski stafa þessar vangaveltur um form af því að þegar nefndur er foss hafa flestir ákveðna mynd í huga. Foss sem steypist fram af háu bergi og fellur hvítlyssandi ofan í hyl fyrir neðan. Ferðamaðurinn stendur gjarnan framan og neðanvið fossinn og horfir í flauminn steypast niður. „Það er ekki síður áhrifamikilið að standa ofan við fossinn og horfa niður með honum. Flaumurinn seiðir og sagnar mann nærri niður með sér. Vatnsúðinn og niðurinn umlykur þig og maður er einn.“

Fossar og streymandi vatn eru tákni um kraft og líf, vatnið er lífgjafinn sem streymir um auðnina og vekur gróðurinn til lífsins. „Ég mála vatn án þess að hafa sérstaka merkingu í huga. Ég hef alltaf verið vatnshrædd svo kannski á það sér einhverja skýr-

ingu, ég veit það ekki. En andstæðurnar heilla mig.“ Vöfangsefni Guðbjargar eru andstæður, vatn sem streymir hvítlyssandi um blágráa, stundum nær svarta auðn, en einnig vottar fyrir grænum tón. „Ég sýndi í Nýhöfn fyrir hálfu öðru ári og var þá byrjuð að fást við fossa en frá þeim tíma hafa myndirnar orðið einfaldari og andstæðurnar aukist – sérstaklega í litnum. Ég er einnig farin að nota fossaformið meira eins og mér sýnist og hentar best. Í langflestum myndanna sé ég landslag þó engin fyrirmynd sé að því. Myndirnar er flestar þannig að fjall þekur flötinn og fossinn sker hann í sundur. Á stöku mynd glyttir í himinn ofan við fjallsbrúnina. Þetta getur átt sér skýringu í því að ég er frá Ísafirði þar sem fjöllin eru há og brött og himininn sér maður ekki nema með því að horfa nánast beint upp. Það er sterk tilfinning fyrir auðninni í íslensku landslagi en krafturinn sem fylgir

fossunum vegur upp á móti.“

Þrátt fyrir þetta tal um auðn skyldi enginn misskilja það svo að yfir myndum Guðbjargar mari blær svartsýni. Þær eru í jafnvægi og svo tekið sé stórt upp í sig, yfir þeim er friður. „Þetta eru kannski ekki skemmtimyndir en vonandi eru þær jákvæðar. Það er að minnsta kosti mín tilfinning gagnvart þeim. Ég er ekki að þröngva neinum boðskap upp á fólk. Fólk er misjafnt og allir eiga að geta skilið þær á sinn hátt. Fólk heldur oft að það eigi að skilja myndir á ákveðinn hátt. Þessi skoðun er slæm því hún heldur fólk í ákveðinni fjarlægð frá myndlist – það telur sig ekki hafa vit á myndunum. En þetta er mikill misskilningur því allt sem þarf er að skoða.

Mér finnst skipta máli að aðrir sjái myndirnar og það er meðal annars tilgangurinn með sýningum. Viðbrögð fólks við myndunum verða oft til þess að maður sér

þær á annan hátt. Eftir 12-14 mánaða vinnu í þessum myndum er maður kominn svo langt inn í viðfangsefnið að viðbrögð þeirra sem sjá þær í fyrsta skipti eru hressandi og vekjandi. Það er einnig mikilvægt að sjá myndirnar í samhengi hverja við aðra í sýningarsalnum því í vinnustofunni er ekki rými til að skoða nema nokkrar í einu. Sýningar marka því oft tímamót hjá myndlistarmönnum. Þeir geta vegið og metið afrakstur undanfarinna missera í nýju ljósi og áttað sig betur á hvert þeir stefna. Oft verður sýning til þess að myndlistin tekur breytingum hjá einstökum listamönnum eftir sýningu. Eftir síðustu sýningu hafa myndirnar einfaldast hjá mér og fossarnir standa einir eftir en þegar maður sekkur sér niður í eitt viðfangsefni í svona mörgum myndum þá snýst baráttan einna helst við flötinn og formið. Það er endalaust verkefni.“

Viðtal Hávar Sigurjónsson